

**Sp. 764. Tillaga til þingsályktunar [342. mál]**

um könnun á nýrri legu Vesturlandsvegur með sérstakri gerð brúa er hannaðar væru með tilliti til hafbeitarmöguleika í Kollafirði og Leiruvogi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin láti fram fara athugun á því hvort hagkvæm sé vega- og brúargerð úr Geldinganesi yfir Leiruvog og Kollafjörð í Kjalarnes og verði sérstaklega kannað hvort skapa megi í sambandi við slíka vega- og brúargerð ákjósanlega aðstöðu til hafbeitar fyrir lax í Kollafirði og Leiruvogi.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi miðar að því að könnuð verði hagkvæmni nýs Vesturlandsvegur með brúargerð er hafi þann tilgang, auk umtalsverðrar styttingar fjölfarinnar þjóðbrautar, að skapa möguleika til fullnýtingar einkar ákjósanlegra aðstæðna fyrir laxahafbeit í Kollafirði og Leiruvogi. Brúarmannvirki og aðfyllingar yrðu því sérstaklega hönnuð með það í huga að þau gætu nýst sem fyrirstöður með sleppi- og móttökuaðstöðu fyrir laxfiskinn.

Sá hluti Vesturlandsvegur, sem hér um ræðir, er úr Geldinganesi, þ. e. Reykjavík, í Kjalarnes, og er þess að geta að samkvæmt samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur 25. apríl 1977 og samþykktum skipulagsnefndar um endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur hafa borgaryfirvöld tryggt sér möguleika til hraðbrautarlagningar yfir Elliðavog um Geldinganes, en þar er eitt af framtíðarbyggingarsvæðum Reykjavíkurborgar.

Fiskirækt, ekki hvað síst laxahafbeit, er tvímælaust einn álitlegasti kostur sem við Íslendingar höfum til þess að auka á fjölbreytni í atvinnulífi og útflutningi landsmanna. Þetta stafar einkum af hentugum aðstæðum til hvers kyns fiskiræktar, en talið er að á Norður-Atlantshafssvæðinu hafi t. d. hafbeitariðnaður hvergi meiri framtíðarmöguleika en einmitt hér við land.

Laxeldi á sér orðið nokkuð langa sögu og mikil reynsla hefur fengist á því sviði hér á landi undanfarna áratugi. Samt sem áður hefur þróunin ekki verið eins hröð í þessum eignum og æskilegt hefði verið. Norðmenn og Skotar hafa náð miklu forskoti undanfarinn áratug umfram Íslendinga í framleiðslu og markaðssetningu á eldisfiski. Með stofnun Kollafjarðarstöðvarinnar 1961 hófust tilraunir með hafbeit á laxi hér við land og hafa þegar gengið inn í stöðina í Kollafirði rúmlega 33 þúsund laxar. Einnig má nefna að sumarið 1982 fengust hjá Pólarlaxi hf. tæplega 2 þúsund laxar, en fyrstu gönguseiðum af laxi var sleppt við Straumsvík 1981 og nokkur skil urðu þar á laxi sumarið 1982.

Fjárhagslegur grundvöllur hafbeitarinnar hvílir á endurheimtum sjógönguseiðanna. Vegna fyrirkomulags laxveiða í löndum við Atlantshaf virðist rekstrargrundvöllur fyrir laxahafbeit vera bestur hér við land. Ástæðan er sú að annars staðar en við Ísland eru 80–90 hundraðshlutar laxins veiddir í sjó, en laxfiskur sem gengur í árnar þarf að standa undir sportveiðinni og sjá um viðhald stofnsins. Því kemst aðeins lítill hluti hafbeitarlaxins á sleppistað og sá aðili sem kostað hefur beitina nýtur ekki arðsins. Vegna banns við laxveiði í sjó horfa málin öðruvísi við hér hjá okkur. Þá er ekki fyrirsjáanlegt í náinni framtíð að önnur

lönd fari að dæmi Íslendinga og banni laxveiðar í sjó, enda styðjast veiðar þeirra við aldagamlar hefðir og fjölmargir þar hafa afkomu sína af þeim.

Náttúruleg skilyrði til laxahafbeitar eru talin mjög ákjósanleg hér við land. Jarðvarmi gerir það og kleift að búa eldisfiski góð vaxtarskilyrði með því að unnt er að halda stöðugu hitastigi, óháð árstíma, veðri og vindum, í vatni sem er laust við gerla og sveppi. Þá er ekki vitað um neina alvarlega sjúkdóma er herja á lax og silung hér við land. Enn má nefna að lax og silungur eru mjög virk alidýr sem framleiða verðmæta eggjahvítu. Auk þess má benda á að fiskimjöl er langóðyrasti hluti fiskifóðurs.

Hér á landi hafa á undanförnum árum farið fram tilraunir með hafbeit víða um land. Ágætur árangur hefur náðst, einkum á suðvestan- og vestanverðu landinu, í Kollafirði og Lárósi á Snæfellsnesi. Möguleikar á Faxaflóasvæðinu eru taldir einkar góðir, ekki síst vegna þess að flóinn liggur opinn fyrir tiltölulega hlýjum sjávarstraumum sunnan úr hafi, og hættan af hafis er hverfandi miðað við suma aðra landshluta. Þá eru önnur skilyrði, svo sem átumagn, talin ákjósanleg á þessu svæði.

Það, sem einkum skortir, er aðstaða til sleppinga sjógönguseiða og aðstaða til veiða á fullvöxnum laxi er leitar á sleppistaðina af hafi. Ef unnt yrði að skapa hagstæða sleppi- og móttökuaðstöðu, t. d. á umræddu svæði, mætti hugsa sér að fleiri en ein eldisstöð sleppti þar sjógönguseiðum, enda yrðu þau metin samkvæmt vel skilgreindum stöðlum, þannig að hlutur einstakra eldisstöðva af endurheimtum laxi yrði ákvarðaður á slíkum grundvelli. Um leið mætti stuðla að auknum gæðum á sjógönguseiðum og koma í veg fyrir að lélegum eða ónýtum seiðum verði sleppt til sjávar, en allmörg dæmi eru því miður um vinnubrögð af slíkum toga. Þá má og benda á að unnt er að stækka eða reisa á þessu svæði afkastamikla seiðaeldisstöð sem framleitt gæti milljónir sjógönguseiða. Stofnlagnir Hitaveitu Reykjavíkur og væntanlegar hitaveitu Kjalarneshrepps liggja um næsta nágrenni og gætu því seiðaeldisstöðvar fengið nauðsynlega varmaorku til seiðaframleiðslu frá nærliggjandi hitaveitum. Í þessu sambandi má benda á að seiðaeldisstöð þarfnast varmaorku á þeim árstíma er hitaveita er aflögufær um heitt vatn. Það virðist því sem á þessu svæði sé möguleiki á mikilli framleiðslu á seiðum til sjógöngu og góð hafbeitaraskilyrði fyrir lax; framleiðslu sem gæti skipt mjög miklu máli fyrir þjóðarbúið. Þá má benda á þann möguleika að heitt vatn verði notað til upphitunar sjávar á afmörkuðu svæði í Kollafirði eða Leiruvogi.

Víða erlendis er hafbeit á ýmsum laxategundum mikilvægur atvinnuvegur. Má í því sambandi nefna hafbeitarstarfsemi við Kyrrahaf. Kyrrahafslax er einn mikilvægasti nytjafiskur á Norður Kyrrahafi, einkum fyrir Bandaríkjamenn, Kanadamenn, Japana og Sovétmenn. Árið 1982 var laxveiði Bandaríkjamanna á Kyrrahafi alls um 325 þúsund tonn eða litlu minni en þorskveiði Íslendinga það ár, en töluvert meiri en þorskveiðin verður í ár. Framangreindar þjóðir leggja nú stöðugt meiri áherslu á laxahafbeit og má nefna að t. d. Sovétmenn stefna að því að framleiða 100 þúsund tonn árlega af hafbeitarlaxi.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að vekja athygli á þýðingarmiklu máli og koma fram með hugmynd um mannvirkjagerð í vegamálum sem samtímis gætu skapað einkar hagstæð skilyrði fyrir laxahafbeit. Ef að veruleika yrði, gæti það orðið til þess að Íslendingar tækju að sér forustu í fiskiræktarmálum með laxahafbeit í Norður-Atlantshafi sem skilað gæti umtalsverðum hagnaði í þjóðarbúið. Sú vega- og brúargerð, er miðaðist við að nýta þessi skilyrði til hlítar, hefur og þann kost að stytta leiðina frá Reykjavík upp á Kjalarnes um allt að 10 km og þá leiðina vestur og norður, en á fylgiskjali má sjá vegalengdir eftir því hvaða leið yrði valin. Vegagerð ríkisins hefur látið í té þær athaganir, svo og það kort sem fylgir.

Við samningu þessarar greinargerðar hefur verið stuðst við ritsmíðar ýmissa vísinda- og fræðimanna á sviði fiskiræktar, hafbeitar og haffræði.

## Fylgiskjal.

### VEGAGERÐ RÍKISINS

#### Ný lega Vesturlandsvegur í Reykjavík og Mosfellssveit.

Skóðaðar voru lengdir tveggja nýrra valkosta sem sýndir eru á meðfylgjandi teikningu. Valkostir eru þá þessir:

- A. Elliðavogur — Geldinganes — Gunnunes — Kollafjörður — Kjalarnes
- B. Elliðavogur — Vesturlandsvegur — Hamrahlíð — Leiruvogur — Kollafjörður — Kjalarnes
- C. Núverandi vegur

Upphafspunktur leiðanna er Elliðavogur, annars vegar við Miklubraut, merkt 1 á teikningunni, og hins vegar við Holtaveg, merkt 2. Sameiginlegur endapunktur er á Kjalarnesi við utanverðan Kollafjörð, merkt 3.

Vegalengdir eru þessar:

	1—2—3	2—3	2—1—3	1—3
Leið A	11,8 km	10,0 km		
Leið A1	12,5 km	10,7 km		
Leið B			16,0 km	14,2 km
Leið C			20,4 km	18,6 km


Umferð við Esjuberg var þessi árið 1983:

- Meðalársumferð (ÁDU): 1265 bílar á sólarhring
- Meðalsumarumferð (SDU): 2055 bílar á sólarhring.

Helstu einkenni vegarstæðis í sjó eru þessi:

	Dýpi miðað við meðalsjárhæð	Lengd vegar í sjó
Elliðavogur (leið A) .....	6 m	1,0 km
Geldinganesheiði (leið A) .....		0,6 km
Geldinganes — Gunnunes (leið A) .....	5 m	0,9 km
Leiruvogur (leið B) .....		0,6 km
Kollafjörður (leið A) .....	11 m	0,9 km
Kollafjörður (leið A1 og B) .....	7 m	0,7 km

30.04.1984  
E.Bj.



VEGAGERÐ RÍKISINS	VESTURLANDSVEGUR	401-1215
1:50000	VALKOSTIR	H3-0920